1

HEFTA HÉR

HEFTA HÉR

# *Ferðalag Finns*

## *frá Írlandi til Kanada*

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Vísindavaka 2007

www.ni.is










































HEFTA HÉR

HEFTA HÉR

**FERÐALAG FINNS FRÁ ÍRLANDI TIL KANADA SUMARIÐ 2005**

▸ **2** Finnur var merktur 1. apríl 2005 á vetrarstöð sinni við Dublin. ▸ **3** Finnur var þar í 16 daga. ▸ **4** Hann var í viku við Strangford Lough á N-Írlandi. ▸ **5** Finnur yfirgaf Írland 23. apríl kl. 23:21. Hann flaug samtals 1370 km í 22 klst án þess að stoppa (62 km/klst hraða).

▸ **6** Finnur kom til Íslands og lenti á Álftanesi 24. apríl um kl. 21. Þar dvaldi hann í 5 vikur. ▸ **7** Hann yfirgaf Ísland frá Mýrum 31. maí, kl. 5 um morguninn.

▸ **8** Finnur kom til A-Grænlands 31. maí kl. 15:42 eftir um 11 klst flug og 590 km að baki. ▸ **9** Hann lagði af stað yfir Grænlandsjökul 31. maí um kl. 23. Finnur flaug 700 km leið yfir jökulinn í a.m.k. 2300 m hæð og var 13 klst á leiðinni. ▸ **10** Finnur kom til V-Grænlands 1. júní um kl. 12, flaug yfir á Disko-eyju og hélt svo áfram kl. 13:54.

▸ **11** Finnur kom til Devon-eyju við Kanada 2. júní kl. 08:38. Þá var hann búinn að fljúga 1200 km frá V-Grænlandi. ▸ **12** Hann hélt áfram ferðinni yfir Jones sund og inn yfir Ellesmere-eyju og flaug í 15 klst án þess að stoppa. ▸ **13** Nú þurfti Finnur að hvíla sig og stoppaði í 2 daga á Ellesmere-eyju. Hann var búinn að fljúga samtals 3000 km í 65 klst frá því að hann lagði af stað frá Íslandi. ▸ **14** Síðasti áfanginn var eftir og Finnur lagði af stað rétt upp úr miðnætti 5. júní. ▸ **15** Í hádeginu 5. júní var Finnur loksins kominn á varpstöðvar sínar á Axel-Heiberg eyju. Hann var þá búinn að ferðast um 5000 km leið frá Dublin á rúmum 6 vikum.